

Skipulagsstofnun
Sigmar Arnar Steingrímsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 28. janúar 2013
Tilvísun: UST20121200163/bs

Múlavirkjun-frekari umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 24. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um athugasemdir Múlavirkjunar ehf. vegna fyrri umsagnar Umhverfisstofnunar í hjálögðu bréfi Lögmannsstofnunar Lex dags. 23. janúar 2013. Í fyrrnefndu bréfi segir m.a.: *"Eingöngu er lögð áhersla á að varanleg og endanleg umhverfisáhrif liggi ekki fyrir. Umbjóðandi okkar getur í sjálfu sér fallist á að niðurstaða um endanleg umhverfisáhrif virkjunarinnar til allrar framtíðar liggi ekki fyrir með ótvíræðum hætti, enda er að hans mati ómögulegt að vinna rannsóknir sem sýna fram á slíkt og myndi framkvæmd umhverfismats ekki breyta því."*

Umhverfisstofnun vill benda á að í skilyrðum í leyfi iðnaðarráðherra með leyfi til að reka Múlavirkjun eru settar fram ákveðin viðmið sem telja má forsendur þess að reka megi virkjunina með þeim hætti sem gert hefur verið sl. fimm ár. Í skilyrðum fjögur og fimm kemur fram að fylgjast skal með hvort lífríki nái að nýju jafnvægi sem talið er ásættanlegt. Í fyrrnefndu leyfi er einnig vísað til umsagnar Orkustofnunar dags. 26. júní 2007, en þar segir m.a.: *"Eðlilegt sé því að reikna með því að leyfið verði í fyrstu endurnýjað til fárra ára eða skilyrði verði sett um breytingar á leyfi ef niðurstöður benda til að lækka þurfi stífluna."*

Umhverfisstofnun telur að iðnaðarráðherra hafi brugðist við umsögn Orkustofnunar með því að setja fyrrnefnd skilyrði.


Í fyrri umsögn sinni vísaði Umhverfisstofnun til umsagna í fylgisjölum 12 og 14. Í fylgiskjali 14 Veiðimálastofnun 2011 segir m.a. á bls. 11: *"Rannsóknir á öðrum vötnum þar sem vatnsstaða hefur breyst og vatnsborðssveiflur aukist í kjölfar miðlunar benda til að til langs tíma séu áhrifin á dýralíf og fiska þar með neikvæð."* Ennfremur segir í sama skjali bls. 12: *"Eftir sex ára starfsemi Múlavirkjunar eru enn breytingar að koma fram í urriðastofnum vatnanna."*


Umhverfisstofnun telur að samkvæmt fyrrnefndu leyfi eigi í fyrsta lagi að meta hvort þeir stofna sem vaktar eru hafi náð nýju jafnvægi að fimm árum liðnum frá útgáfu leyfisins og í öðru lagi hvort það ástand sé talið ásættanlegt. Umhverfisstofnun telur að með því að meta ástand lífríkis í samræmi við skilyrði í leyfi iðnaðarráðherra megi með aðstoð sérfræðinga komast nær rétttri greiningu á umhverfisáhrifum núverandi virkjunar og á grundvelli þeirrar niðurstöðu draga ályktanir um líkleg áhrif enn frekari vatnsborðshækkunar.

Umhverfisstofnun ítrekar fyrri umsögn sína og bendir á að í leyfi iðnaðarráðherra kemur skýrt

fram að breyta megi leyfinu ef ekki tekst á grundvelli þess að viðhalda eðlilegum stofnum straumanda og urriða. Umhverfisstofnun telur að meta eigi þá reynslu sem fengist hefur við vöktun á rekstartíma Múlavirkjunar samkvæmt leyfi iðnaðarráðherra dags. 28. október 2008 og á grundvelli þeirra gagna leggja mat á hugsanleg áhrif frekari vatnsborðshækkunar.

Virðingarfyllt


Olafur A. Jónsson
Deildarstjóri


Björn Stefánsson

Afrit: Orkustofnun

